

Gígjan, Landsamband Íslenskra kvennakóra

Stofnfundur 5. apríl 2003

Fundarstaður Háteigur, Grand Hótel Reykjavík.

Samkoman hófst kl 12:00 með því að viðstaddir fengu sér veitingar.

1) Setning fundar

Margrét Bóasdóttir setti fundinn kl 13:10 með þessum orðum:

Kæru kórfélagar og söngstjórar,

Fyrir hönd undirbúningsnefndarinnar býð ég ykkur öll hjartanlega velkomin hingað í dag og set hér með þennan stofnfund Landsambands íslenskra kvennakóra.

Nefndin var skipuð í lok landsmótsins í Reykjanesbæ og sá Ingibjörg Guðjónsdóttir, stjórnandi Kvennakórs Garðabæjar um að kalla okkur saman. Auk hennar voru í nefndinni Guðrún Karlsdóttir frá Kvk. Suðurnesja, Kristín G. Ingimundardóttir Kvk. Hafnarfjarðar, Þuríður Pétursdóttir Kvk. Reykjavíkur, Stefán Þorleifsson, stj. Kyrjukórsins í Þorlákshöfn og ég sem hér stand. Ég vil biðja Kristínu Ingimundardóttur að rita fundargerð.

Stofnun þessara samtaka á sér nokkurn aðdraganda. Ef við hugsum aftur til síðustu aldar, fyrir 1990, þá voru ekki margir kvennakórar starfandi.

Árið 1987 tek ég við stjórn Kvennakórsins Lissýjar, sem var starfræktur af Kvenfélagasambandi S-Þingeyinga og er mér í minni þegar Hólmfríður Benediktsdóttir sem hafði verið stjórnandi kórsins þau 2 ár sem hann hafði þá starfað, bað mig um að taka við, þar sem hún fór erlendis í framhaldsnám. Ég hugsaði; ýmislegt hef ég nú gert, en að stjórna kvennakór!

Skemmst er frá því að segja að ég hef sjaldan gert neitt eins skemmtilegt eins og að stjórna þessum kór 60 kvenna á aldrinum 18-73 ára. Þegar að því kom árið 1992 að taka ákvörðun um að flytjast búferlum þá var söknuðurinn mestur yfir því að skilja við þennan kór!

Vorið 1992 kom fram sú hugmynd hjá okkur í kvennakórnum Lissý að halda landsmót kvennakóra. Við öfluðum okkur upplýsinga um hve margir kórar væru starfandi og það fundust 5 kórar. Þeir mættu allir til leiks í félagsheimilinu Ýdölum og voru þetta um 150 konur. Minnsti kórinn kom lengst að; kvennakórinn Ljósbrá úr Rangárvallasýslu, með 14 kórfélaga.

Ári síðar fór ég á vortónleika þeirra á Hvolsvelli og þá höfðu þær snúið tölunni við – voru orðnar 41, og komnar með karlstjórnanda, sem stýrir nú öðrum konum, en er hér í dag og einn karla í undirbúningsnefndinni!

Árið 1995 stóð Kvennakór Reykjavíkur, þá rétt 2ja ára, fyrir næsta landsmóti og síðan hafa verið mót í Reykholti í Borgarfirði haustið 1997, í umsjá Freyjukórsins, haustið 1999 á Siglufirði í umsjá Kvennakórs Siglufjarðar og síðast í Reykjanesbæ vorið 2002 í umsjá Kvennakórs Suðurnesja. Alls eru þetta orðin 5 landsmót. Kvennakór Suðurnesja er nú elsti starfandi kvennakór landsins, formlega stofnaður árið 1968, en okkur telst til að nú starfi um 24

kvennakórar, en auðvitað misjafnlega atorkusamir eins og eðlilegt er. Í þessum kórum eru yfir 1000 söngkonur og hafa fjölmennustu kórarnir yfir 100 félaga og mjög margir hafa á bilinu 50-80 félaga. Þetta er alveg einstök gróska á rúnum 10 árum, ef mælt er frá vorinu 1992, en segja má að í Ýdölum hafi konurnar 150 verið 100% þátttaka.

Það eru nú 17 kórar sem standa að stofnun landssambandsins og er það glæsileg þátttaka. Við í nefndinni viljum þakka ykkur kærlega fyrir frábær samskipti á netinu og biðjum ykkur, fulltrúa kóranna að skila kveðjum og góðum óskum heim til ykkar kórfélaga.

Á landsmótunum, en þar hef ég oftast haft þá ánægju að vera mótsstjóri- eða tímavörður, eins og ég hef stundum kallað það, hefur oft verið rætt um nauðsyn slíks landssambands.

Það skortir tilfinnanlega vettvang þar sem hægt er að ganga að upplýsingum, eða leita eftir upplýsingum, vita hvaða kórar eru starfandi, finna nótur af tilteknum lögum og síðast en ekki síst, vera bakhjarl kóranna t.d. í sambandi við landsmótshald. Það er gífurleg vinna og mikil ábyrgð sem þeir kórar taka á sig sem hafa haldið landsmótin, og ég vil sérstaklega nefna hve frábærlega þeir hafa alltaf staðið sig á hverjum stað. En það er varla verjandi að enginn baktrygging sé, ef eitthvað færi úrskeiðis af náttúrunnar eða mannavöldum, og viðkomandi kór sæti uppi með fjárhagslegar skuldbindingar vegna skipulagningar.

Með stofnun landssamtakanna er settur bakhjarl við starfsemi kóranna og aukinn og bættur sá vettvangur sem hægt er að hafa samskipti á, bæði á netinu og ekki síður til að fá upplýsingar um hverja aðra, sem svo leiðir til heimsóknna og samstarfs af ýmsu tagi.

Landssamtök eiga betri möguleika á styrkjaöflun en einstakir kórar og geta einnig verið kórunum til ráðuneytis um slíka hluti.

Nú er ekki ætlunin að sambandsstjórnin sé í fullri vinnu við að þjónusta kórana. Við skulum gera okkur fulla grein fyrir að þetta er aðeins þegnskylduvinna og ekki hægt að ætlast til ómældrar vinnu. En við í undirbúningsnefndinni gerum okkur vonir um að heimasíðan verði notuð og að þið verðið dugleg við að koma með tillögur og benda á efni sem hagnýtt er að hafa þar inni. Í lok fundarins munum við opna síðuna formlega og ég vil nota tækifærið og þakka Stefáni Þorleifssyni fyrir frábærar hugmyndir og alla vinnu við gerð síðunnar. Hann hefur einnig tekið að sér að vera vefstjóri, eða vefbóndi eins og sumir kalla þetta – a.m.k. næsta árið.

Í fundarboði stóð að menntamálaráðherra Tómas Ingi Olrich myndi opna síðuna en síðar kom í ljós að hann gat ekki verið staddur í höfuðborginni í dag. Við gerum þetta því bara sjálf, en ég ber fundinum góðar kveðjur ráðherra og einnig þau gleðitíðindi að Menntamálaráðuneytið veitti samtökunum fjárstyrk til að fagna þessum tímamótum. Við munum því geta klingt glösum hér á eftir og drukkið skál Gígjunnar, hinna nýju landssamtaka kvennakóra.

En nú er komið að því að ganga til formlegrar dagskrár fundarins. Ég vil geta þess að þið sem viljið taka til máls, með kveðjur, hamingjuóskir eða hvað eina, þá er staður og stund fyrir það undir liðnum önnur mál.

Einnig mun hópur úr Kvennakór Reykjavíkur undir stjórn Sigrúnar Þorgeirsdóttur koma og syngja fyrir okkur í fundarlok og eins eru fulltrúar fjölmiðla, bæði Sjónvarps og Morgunblaðs væntanlegir. Fleiri fjölmiðlar munu fá myndefni og munu fjalla um stofnfundinn eftir helgina.

2) Lagabreytingar

Nú var röðin komin að því að fara í gegnum lagatillögurnar. Við nokkrar greinar skapaðist nokkur umræða sem Margrét Bóasdóttir stjórnaði af miklum myndugleik.

Eftirfarandi breytingatillögur voru lagðar fram við:

8. gr. Fjárhagsár sambandsins er frá 1. apríl til 31. mars ár hvert.

Breytingatillaga undirbúningsshópsvið 8.gr.:Fjárhagsár sambandsins er almanaksárið.

10. gr. Sambandinu verður ekki slitið nema 3/4 fulltrúa á aðalfundi greiði því atkvæði. Við slit skulu allar skuldir sambandsins greiddar. Skal skuldum jafnað milli aðildarféлага ef eignir sambandsins duga ekki til. Fjármunir og skjöl sem kunna að vera til við sambandsslit skulu renna til Kvennasögusafns Íslands.

Breytingatillaga frá Petru Sigurðardóttur og Pálínu Magnúsdóttur við 10.gr.:

10. gr. Sambandinu verður ekki slitið nema 3/4 fulltrúa á aðalfundi greiði því atkvæði. Á fundinum yrði tekin ákvörðun um ráðstöfun skulda og eigna sambandsins.

Fyrsti kvennakórinn sem vitað er um hét **Erlur** og var í Hafnarfirði 1918.

3) Lög Gígjunnar, Landssamband íslenskra kvennakóra

Lög sambandsins voru samþykkt svohljóðandi:

1 gr. Nafn sambandsins er: **Gígjan**, landssamband íslenskra kvennakóra. Heimili þess og varnarþing er lögheimili formanns hverju sinni.

2. gr. Markmið sambandsins er að:

- efla starfsemi kvennakóra
- efla samstarf kvennakóra landsins
- safna og miðla upplýsingum um starfsemi kvennakóra.
- efla erlend samskipti

3. gr. Markmiðum sínum hyggst sambandið ná með því að:

- halda úti heimasíðu landssambandsins, þar sem m.a. verða birtar heimildir um starfsemi kóranna, tónlist fyrir kvennakóra og ýmsar gagnlegar upplýsingar
- standa að kvennakóramótum á þriggja ára fresti
- stuðla að námskeiðahaldi
- efla tengsl við sambærileg sambönd erlendis

4. gr. Félagar sambandsins eru:
kvennakórar sem sótt hafa um aðild og greitt hafa árgjald.

5. gr. Aðalfundur fer með æðsta vald í sambandinu. Aðalfundur skal haldinn ár hvert að vori.

Stjórn sambandsins skal boða til aðalfundar með bréfi til stjórna kóranna með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram dagskrá fundarins. Greint skal frá meginefni tillagna sem leggja á fyrir fundinn og lagabreytingartillögum ef einhverjar eru.

Á aðalfundi eiga tveir fulltrúar hvers kvennakórs atkvæðisrétt.

Tillaga hlýtur samþykki ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa greiðir henni atkvæði sitt. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

6. gr. Dagskrá aðalfundar:

- Skýrsla stjórnar.
- Endurskoðaðir reikningar.
- Stjórnarkjör
- Lagabreytingar.
- Ákvörðun árgjalds
- Önnur mál

7. gr. Í stjórn sambandsins sitja fimm konur og þrjár konur í varastjórn. Formaður er kosinn sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjörtími stjórnar er tvö ár. Þó skulu úr þeirri stjórn sem fyrst er kosin, ganga tvær konur eftir eitt ár, og þrjár eftir tvö ár. Varastjórn er kosin til eins árs í senn. Endurkosning stjórnarkvenna og varastjórnar er heimil. Stjórn skal halda a.m.k. tvo fundi á ári.

8. gr. Fjárhagsár sambandsins er almanaksárið.

9. gr. Lögum sambandsins má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum skulu sendar með aðalfundarboði. Lagabreytingar þurfa samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

10. gr. Sambandinu verður ekki slitið nema 3/4 fulltrúa á aðalfundi greiði því atkvæði. Á fundinum yrði tekin ákvörðun um ráðstöfun skulda og eigna sambandsins.

Samþykkt á stofnfundi landssambandsins, 5. apríl 2003,
Fulltrúar stofnfélaga sambandsins.

Lögin voru samþykkt með lófaklappi og voru þá næst allir sendir út á svalir í myndatöku. Þá kom að því að lög yrðu sungin, af nokkrum félögum úr Kvennakór Reykjavíkur undir stjórn Sigrúnar Þorgeirsdóttur

Óskalög Margrétar Bóasdóttur:

Vísur Vatnsenda-Rósu

Lag: Íslenskt þjóðlag, ljóð: Rósa Guðmundsdóttir, útsetning: Jón Ásgeirsson.

Spinnaminni

Lag: Mist Þorkeldsdóttir, ljóð: Þórarinn Eldjárn.

Þökkuðum Kvennakór Reykjavíkur og Sigrúnu Þorgeirsdóttur kærlega fyrir sönginn.

4) Kosning stjórnar

Kosning formanns og stjórnar var næst á dagskrá:

Á framboðslistanum voru:

Til formanns:

Guðrún Karitas Karlsdóttir – Kvennakór Stuðurnesja

Í aðalstjórn:

Kristín G. Ingimundardóttir – Kvennakór Hafnarfjarðar

Ásdís Hjálmtýsdóttir – Kvennakór Reykjavíkur

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir – Vox Feminae

Inga Vildís Bjarnadóttir – Freyjukórinn Borgarfirði

Í varastjórn:

Kristín G. Gestsdóttir – Kvennakór Hornafjarðar

Brynja Baldursdóttir – Kvennakór Garðabæjar

Fengu þær einróma kosningu við lófaklapp.

5) Félagsgjöld Gígjunnar

Félagsgjald var samþykkt 200 kr á hvern virkan féлага í kór á áramótum. Fyrsta árgjald verður sent út fyrir árið 2003.

6) Opnun heimasíðu Gígjunnar

Heimasíðan var því næst kynnt og formlega opnuð alheiminum: tonlist.net/kvennakorar, Stefán settur sem vefsíðubóndi Gígjunnar.

7) Fundarslit

Nýkjörin formaður Gígjunnar, Guðrún K. Karlsdóttir tók til máls og óskaði kórnum til hamingju með þessi langþráðu samtök sem nú loks voru orðin að veruleika, þakkaði Margréti Bóasdóttur innilega fyrir óeigingjarnt starf, traust og trú er hún hefur á starfsemi kvennakóra á Íslandi. Hún benti líka á það hve mikilvæg netsamskipti væru í dag og hvaða hlutverki heimasíðan þjónaði kórum um allt land.

Guðrún talaði líka um það að kalla stjórnina fljótlega saman svo hægt væri að innheimta fyrsta árgjaldið.

Skálað var í kampavíni og þessum tímamótum fagnað og fundinum síðan slitið af Margréti Bóasdóttur og stofnfélagar héldu til síns heima fullar af bjartsýni – *Gígjan* – er komin til að vera og mun hljóma fyrir okkur.

Fundarritari: Kristín G. Ingimundardóttir